



Lífsstílssamningur

Í íþróttakademíunni er áhersla lögð á alhliða uppbyggingu einstaklingsins, innan sem utan íþróttar, með heilbrigðan lífsstíl í forgrunni. Nemendur í íþróttakademíu fá gegn þessum samningi tækifæri til að samþætta nám á framhaldsskólastigi og íþróttaiðkun.

Yfirlýsing nemanda og samþykki forráðamanns

- ✓ Ég undirritaður, nemandi í íþróttakademíu Borgarholtsskóla samþykki að fara eftir skólareglum Borgarholtsskóla í hvívetna.
- ✓ Ég mun stunda nám mitt af kostgæfni og leggja alúð við mína íþrótt, sýna háttvísi og hvetja aðra til að gera slíkt hið sama.
- ✓ Ég heiti því að virða í hvívetna reglur ÍSÍ sem meðal annars gilda um veðmál, hagræðingu úrslita og lyfjamisnotkun.
- ✓ Ég mun kappkosta við að vera fyrirmynd annarra nemenda Borgarholtsskóla innan sem utan skólans.

Ríkari krafa er gerð til nemenda í íþróttakademíunni um skólasókn (85%) en almennt gerist í skólanum. Gegn ofangreindum skuldbindingum og að uppfylltum skilyrðum er veitt leyfi fyrir æfingum, æfingaferðum og keppnisferðum á skólatíma (sjá nánar í reglum um leyfi). Sérákvæði gilda um nám í íþróttakademíu og eru iðkendur hvattir til að kynna sér þau á borgo.is undir skólareglur.

Við brot á reglum sviðsins gildir eftirfarandi

- Viðurlög við brotum á reglum um notkun á nikótíni, neyslu áfengis og annarra vímuefna (nánar tilgreint í skólareglum) varða brottvísun úr áföngum afreksíþróttasviðs. Með undirritun þessa samnings staðfestir undirritaður nemandi og forráðamaður að þeim sé ofangreind viðurlög ljós og una þeim.

Dagsetning / /

Nafn og kennitala nemenda í íþróttakademíu

Forráðamaður nemanda (yngri en 18 ára)

fyrir hönd íþróttakademíu Borgarholtsskóla

Deildarstjóri íþróttamála